



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram þrjár fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 383 var aðgerðaráætlun Frístundastefnu Hvalfjarðarsveitar 2023-2026 samþykkt.

Á fundi nr. 384 voru ýmis mál tekin fyrir og þar á meðal erindi frá Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili er varðar umsókn í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna djúpgáma og samþykkti sveitarstjórn að koma að fjármögnun mótfamlags á móti framlagi sjóðsins.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 385 fór fram fyrri umræða fjárhagsáætlunar Hvalfjarðarsveitar 2024-2027. Sveitarstjóri fór yfir og kynnti forsendur fjárhagsáætlunar 2024-2027, hlusta má á þá yfirferð á upptöku fundarins [hér](#). Sveitarstjórn samþykkti að álagning gjalda, útsvars og fasteignaskatts, á árinu 2024 haldist óbreytt frá árinu 2023. Þjónustugjaldskrár hækka skv. vísitölu en mögulega verða frekari breytingar gerðar á gjaldskrá úrgangshirðu og urðunar í kjölfar lagabreytinga í málaflokknum.

Á sama fundi var árshlutareikningur Hvalfjarðarsveitar janúar-ágúst 2023 lagður fram til kynningar sem og fjárhagsáætlun Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis 2024-2027.

Eftirfarandi ályktun er varðar stöðu landbúnaðar var bókuð á fundi sveitarstjórnar nr. 385:

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu landbúnaðar á Íslandi og hvetur þingmenn Norðvesturkjördæmis sem og ríkisstjórn alla að grípa til tafarlausra aðgerða í þágu íslensks landbúnaðar.

Í Hvalfjarðarsveit er og hefur alla tíð verið fjölbreytt landbúnaðarstarfsemi þar sem stór hluti samfélagsins er í beinum og óbeinum tengslum við landbúnað.

Landbúnaður á Íslandi stendur á krossgötum, m.a. í kjölfar endurtekinna stýrivaxtahækkana og verðhækkana aðfanga og ef ekki kemur til bráðaáðgerða af hálfu ríkisvaldsins stefnir í meiriháttar hrun í greininni með tilheyrandi ógnun við matvælaöryggi þjóðarinnar auk alls annars.


Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar lýsir yfir ánægju sinni með að ríkisstjórn Íslands hafi samþykkt að koma á fót starfshópi ráðuneytisstjóra þriggja ráðuneyta; matvælaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis til að leggja mat á stöðuna sem upp er komin í landbúnaði. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar bindur vonir við að vinna starfshópsins muni skila og leiða til jákvæðrar niðurstöðu, bæði til lengri og skemmri tíma, fyrir landbúnað á Íslandi.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).

VEÐURSTÖÐ NORÐAN VIÐ AKRAFJALL

Hvalfjarðarsveit hefur látið setja upp veðurstöð norðan við Akrafjall, við starfsstöð Terra hjá Berjadalsá. Veðurstöðin sem er uppfærð á 5 mínútna fresti gefur upplýsingar um vindhraða, veðurfar o.fl. á svæðinu.

Slóð á veðurstöðina [hér](#) og inn á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.





KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Annar fundur Öldungaráðs var haldinn þriðjudaginn 26. september síðastliðinn. Góð umræða átti sér stað hjá ráðinu undir þeim málum sem voru á dagskrá, má þar nefna könnun á meðal eldri borgara í Hvalfjarðarsveit, uppfærslu á upplýsinga-bækling og fleira.

Eitt af málunum sem var á dagskrá var Förum alla leið – Samþætt þjónusta í heimahúsum.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið auglýstu í sumar eftir slíku samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir. Áhugi fyrir þátttöku var mikill en alls bárust 19 umsóknir, þar á meðal frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) þar sem Hvalfjarðarsveit er undir með átta öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi. Valin voru sex svæði til þátttöku og ánægjulegt er að segja frá því að þeirra á meðal er Heilbrigðisstofnun Vesturlands og annars vegar Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (nú sveitarfélög) og hins vegar Húnaþing vestra. Í heildina eru sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög sem munu taka þátt í þróunarverkefnum sem ganga út á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum.

Miðvikudaginn 4. október sl. fór fram haustþing SSV. Góð mæting var á þingið sem fór fram í Reykholti. Hátt í 60 manns tóku þátt, um 30 kjörnir fulltrúar og auk þeirra sóttu þingið ýmsir góðir gestir. Fjórir sveitarstjórnarfulltrúar frá Hvalfjarðarsveit mættu á þingið ásamt sveitarstjóra. Þema þingsins voru menntamál undir yfirskriftinni Skólakerfi á krossgötum. Aðalstörf þingsins voru venju samkvæmt að álykta um ýmis hagsmunamál sveitarfélaganna á Vesturlandi og marka Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi áherslur og stefnu fyrir komandi starfsár.



Fimmtudaginn 5. október sl. fengu foreldrar Heiðarskóla og Skýjaborgar fræðsluerindi um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í Hvalfjarðarsveit. Elín Thelma Róbertsdóttir, fv. félagsmálastjóri í Hvalfjarðarsveit hélt erindið og í kjölfarið var foreldrum og börnum boðið upp á kökur og kleinur. Hægt er að horfa á erindið [hér](#) og lesa má nánar um farsæld barna [hér](#).

Í tilefni af 130 ára afmæli og lok endurbóta á Innra-Hólmskirkju var hátíðarguðsþjónusta í kirkjunni sunnudaginn 8. október sl. Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands kom og predikaði við messuna og boðið var upp á kaffiveitingar í Miðgarði að athöfn lokinni. Hvalfjarðarsveit vill þakka fyrir og senda hamingjuóskir með vel heppnaðar endurbætur á kirkjunni.





KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR, frh.

Þónokkrir kynningarfundir á vegum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar hafa verið haldnir í tengslum við undirbúning Sundabrautar frá Sæbraut að Kjalarnesi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta, dreifa umferð og bæta tengingar við og innan höfuðborgarsvæðisins, stytta akstursleiðir og ferðatíma og minnka þannig útblástur og mengun. Áætlaður framkvæmdatími er 2026-2031. Framkvæmdin verður boðin út sem samvinnuverkefni. Frekari upplýsingar er að finna [hér](#).

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi blésu til ráðstefnu um málefni sveitarfélaga þann 26. október sl. undir heitinu “Sveitarfélög á krossgötum”. Ráðstefnan var tekin upp og verður upptakan aðgengileg á heimasíðu SSV innan skamms.



Þann 25. september sl. var haldinn þrettándi fundur ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar, 6. október sl. fór fram aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands og þann 11. október sl. fór fram kynning á skýrslu um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Baráttufundur á vegum samtaka ungra bænda fór einnig fram undir yfirskriftinni “Laun fyrir lífi... ungra bænda og íslenskra sveita” þann 26. október sl.

Fjöldi fleiri viðburða, kynninga og funda hafa farið fram sem ekki er getið hér.

JÁ, ÉG ÞORI, GET OG VIL

Boðað var til kvennaverkfalls, þriðjudaginn 24. október sl. Hvalfjarðarsveit tekur undir þá kröfu að kynbundnu ofbeldi og kynbundinni mismunun sé útrýmt. Konur og kvár eru 89% starfsfólks Hvalfjarðarsveitar, góð þátttaka var í kvennaverkfallinu og fór hluti af starfsfólki Hvalfjarðarsveitar saman á Arnarhól.



Hvalfjarðarsveit styður jafnréttisbaráttu kvenna og kynsegin fólks og þakkar íbúum fyrir skilning á að þjónusta sveitarfélagsins stöðvaðist eða var skert á þessum degi.

VINAVÖLLUR

Hvalfjarðarsveit vonar að íbúar, sem og gestir, komi til með að njóta þess að koma saman til leiks og gamans á Vinavelli í Melahverfi.



**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**